



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Anna Gyða Pétursdóttir
Strandgötu 79
220 Hafnarfirði

Reykjavík, 17. júlí 2017
Tilvísun: 3913 / 201706-0040

Suðurgötu 39
101 Reykjavík

Aðalgötu 23
550 Sauðárkróki

(354) 570 13 00

www.minjastofnun.is

Kennitala: 440113-0280

Austurgata 36, Hafnarfirði - beiðni um afnám friðunar

Með tölvupósti þann 9.6.2017 óskar Anna Gyða Pétursdóttir, eigandi hússins Austurgötu 36 í Hafnarfirði, eftir því að Minjastofnun Íslands afnemi friðun hússins og veiti leyfi til að taka það niður og farga því. Erindinu fylgir minnisblað Verksýnar eftir ástandsskoðun, sem gerð var af Reyni Kristjánssyni byggingarfræðingi og múrarameistara, dags. 2.5.2017 og matsskýrsla Meindýraeyðis Íslands ehf., gerð eftir skoðun Steinars Smára Guðbergssonar á húsinu 22.4.2017.


Austurgata 36, Hafnarfirði, er járnklætt timburhús á steinkjallara með risi. Það er byggt árið 1904 og nýtur friðunar vegna aldurs skv. 1. mgr. 29. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012. Í því felst að óheimilt er að raska húsinu, spilla því eða breyta, rífa eða flytja úr stað, nema með leyfi Minjastofnunar Íslands sbr. 2. mgr. 29. gr. Í hússkráningu Bygðasafns Hafnarfjarðar - *Austurgata*, frá 2008 kemur fram að götumynd Austurgötu er talin einstaklega heildstæð og lagt er til að hún njóti verndar. Húsið Austurgata 36 hefur gildi sem hluti af götumyndinni. Það er með elstu húsum við götuna, en þar var komin nokkur byggð áður en gatan var lögð á árunum 1914-1918.


Við ástandsskoðun ofangreindra matsmanna komu í ljós skemmdir af raka og myglu. Að mati Reynis eru máttarviðir hússins ónothæfir sem byggingarefni vegna skemmda af völdum veggjatítla og timburhluti hússins því í reynd ónýtur. Niðurstaða af skoðun Steinars Smára er að miðað við útbreiðslu veggjatítlu í húsinu geti reynst kostnaðarsamt og jafnvel ómögulegt að útrýma henni. Gera verður sérstakar ráðstafanir við förgun efnis til að hindra útbreiðslu skordýranna.

Í 3. mgr. 29. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 er Minjastofnun veitt heimild til að afnema friðun húsa. Í afgreiðslum sínum hefur stofnunin túlkað heimild til að afnema friðun á grundvelli aldursákvæða laganna þröngt, þannig að henni beri aðeins að beita í undantekningartilvikum. Nánar tiltekið eigi þröng beiting þessarar heimildar aðeins við um tilvik þar sem málefnalegar ástæður eru fyrir því að ekki sé unnt að varðveita hús á staðnum, t.d. vegna tæknilegs ástands eða sérstakra aðstæðna, s.s. hættu vegna náttúruvár.

Að áliti Minjastofnunar geta alvarlegar skemmdir að völdum veggjatítla í þeim mæli að hús teljist með öllu óviðgerðarhæft talist málefnaleg ástæða fyrir því að afnema friðun sk. 1. mgr. 29. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012. Þar sem fagmenn hafa metið húsið við Austurgötu 36, Hafnarfirði, óviðgerðarhæft af ofangreindri ástæðu lýsir Minjastofnun friðun þess úr gildi fallna og gerir ekki athugasemd við niðurrif þess. Minjastofnun leggur ríka áherslu á uppbygging á lóðinni taki eftir sem áður tillit til yfirbragðs, mælikvarða og stærðarhlutfalla þeirrar sögulegu götummyndar sem Austurgata 36 er hluti af. Óskað er eftir að tillaga að deiliskipulagi lóðarinnar berist stofnuninni til umsagnar.

Virðingarfyllst,
f.h. Minjastofnunar Íslands


Guðný Gerður Gunnarsdóttir
minjavörður Reykjavíkur og nágrennis


Pétur H. Ármannsson
sviðsstjóri umhverfis og skipulags

Afrit í tölvupósti :

Anna Gyða Pétursdóttir (annagydap@gmail.com)

Haraldur L. Haraldsson, bæjarstjóri (hlh@hafnarfjordur.is)

Sigurður Haraldsson, sviðsstjóri, (siggiH@hafnarfjordur.is)

Ákvarðanir Minjastofnunar Íslands sem byggja á lögum um menningarminjar nr. 80/2012, gr. 29., 30., 31., 32., 33., 34. og 35. eru kæranlegar til æðra stjórnvalds, þ.e. mennta- og menningarmálaráðuneytis. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin. Skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.